

Nd.

150. Breytingartillögur

við frumvarp til fjáráukalaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá fjáráukalaganefndinni.

1. *Á eftir 1. gr. frv. komi ný gr. sem verður 2. gr. svohljóðandi:*
Sem viðbót við gjöldin í 12. gr. fjárlaganna 11. tölulið veitast:
(Til Heilsuhælisins á Víflsstöðum) kr. 20,000.
2. *Við 2. gr., sem verður 3. gr.:*
liðurinn 1. við B. (járnbrautarrannsókn) falli burt.
3. *Við sömu grein (Grimseyjarviti) fyrir: »14100«*
komi: 17100.
4. *Á eftir þessari grein komi ný grein, sem verður 4. gr. svohljóðandi:*
Sem viðbót við gjöldin í 15. gr. fjárlaganna 3. lið f. veitast (Til rannsóknar
og undirbúnings á skrásetning fornmenja) kr. 400,00.
5. *Við 3. gr., sem verður 5. gr.:*
Á eftir inngangi greinarinnar komi nýr liður:
Við 16. gr. Til smjörbúsins á Fossvöllum í Árnessýslu, smjörverðlaun fyrir
1913 kr. 300.

6. Við sömu grein:
liðurinn: »Til hins íslenska prentaraðfel. o. s. frv. kr. 800« falli burt.
7. Við sömu gr. Í enda greinarinnar bætist nýr liður:
Við 16. gr. Til varnargarðs á Siglufjarðareyri í Siglufirði gegn tillagi að $\frac{1}{4}$ annarsstaðar að kr. 7300.
8. Aftan við frumvarpið bætist þessi athugasemd:
Landstjórninni heimilast að breyta afborgunarkjörum á láni úr viðlagasjóði til ullarverksmiðjunnar »Gefjun« á Akureyri að upphæð 60,000 kr., teknu 1912, þannig að lánið endurborgist með 1600 króna árlegri afborgun frá árinu 1917 að telja, til þess því er lokið.
9. Enn fremur komi þessi athugasemd:
Til viðbótar lánum þeim, sem stjórninni er heimilað að veita í 21. gr. fjárlaganna 7. tölulið heimilast stjórninni enn fremur að veita 5000 kr. hvort árið.